

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga,  
húsnæðissjálfséignarstofnanir og almennar íbúðir, nr. 183/2020, með síðari breytingum.

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 12. gr. reglugerðarinnar:


- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Skal hámarksbyggingarkostnaður íbúða skv. 1. másl. reiknaður þannig að heildarfermetraverð á hvern brúttófermetra rýma byggingar í lokunarflokki A og B skv. ÍST50 fari ekki yfir 377.000 kr. að viðbættum 8.700.000 kr. fastakostnaði á hverja íbúð auk 15.000.000 kr. fastakostnaði samanlagt fyrir hverja lyftu og lyftuhús í viðkomandi verkefni, sé gerð krafa um lyftu í húsnæðinu samkvæmt byggingarreglugerð.
- b. 2. mgr. orðast svo: Hámarksbyggingarkostnaður skv. 1. mgr. skal vera í heilum þúsundum króna og koma til endurskoðunar fyrir hverja úthlutun stofnframlaga með hliðsjón af þróun vísitölu byggingarkostnaðar, þróun á gjaldeyrismarkaði, þróun hrávöruverðs, þróun launavísitölu, þróun fjármagnskostnaðar og endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli 10. mgr. 11. gr. og 27. gr. laga um almennar íbúðir, nr. 52/2016, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu 22. september 2023.*

f.h. innviðaráðherra



Hermann Sæmundsson



*Hólmfríður Bjarnadóttir.*